

Ed.

342. Frumvarp til laga

[202. mál]

um breyting á lögum nr. 21 10. maí 1969, um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Flm.: Jón Árnason, Björn Jónsson, Ásgeir Bjarnason, Axel Jónsson,
Gils Guðmundsson, Jón Þorsteinsson.

1. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist nýr málslíður, svo hljóðandi:

Þó skal bönnuð öll veiði með dragnót, flotvörpu eða botnvörpu í Faxaflóa (en með því er átt við svæði innan línu, sem dregin er frá punkti réttvísandi í vestur 6 sjómíli frá Garðskaga og þaðan beint í Malarrif).

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Með frumvarpi þessu er lagt til, að bönnuð verði öll veiði með dragnót, flotvörpu og botnvörpu í Faxaflóa, en þar er, svo sem kunnugt er, ein helzta uppeldisstöð ungfisks, sem um getur við strendur landsins.

Þó að frumvarp það, sem hér um ræðir, nái aðeins til Faxaflóa, væri þess vissulega þörf, að slíkar ráðstafanir væru einnig gerðar víðs vegar í flóum og fjörðum við strendur landsins, þar sem vitað er, að um uppeldisstöðvar ungfisks er að ræða.

Eftir að landhelgin var færð út í 4 sjómíli frá yztu annesjum og flóar og firðir voru friðaðir fyrir botnvörpu- og dragnótaveiðum, var þess ekki langt að bíða, að fiskimagnið ykist þar. Samfara því kom það einnig til, að veiðarnar og hið góða hráefni nýttist á allan hátt betur.

Þessi hagstæða þróun fiskveiðanna í Faxaflóa stóð því miður skamma stund. Það leið ekki langur tími, eftir að dragnótaveiðarnar hófust að nýju í flóanum, þar

til þess fór að verða vart, að fiskimagnið fór hraðminnkandi. Er nú svo komið, að heita má, að í Faxaflóa sé fiskilaust á flestum tímum árs, a. m. k. á móts við það, sem áður átti sér stað.

Hér hefur því sagan endurtekið sig. Á meðan dragnóta- og botnvörpuveiðarnar nutu ávaxtanna af friðunartímabilinu, gáfu þessar veiðar að vísu góða raun. En brátt komu í ljós áhrifin af rányrkjunni og því skýrar sem lengra hefur liðið. Er nú svo komið, að veiðar þessar hafa ekki rekstrargrundvöll og hafa því orðið að njóta styrks úr aflatryggingasjóði.

Eins og oft hefur verið bent á, er hættan af dragnóta- og botnvörpuveiðunum í jafnbýðingarmikilli uppeldisstöð og Faxaflóinn er ekki einvörðungu fólgin í veiði nytjafiska, heldur miklu fremur í hinu gegndarlausu ungvíðisdrápi, sem vitað er að veiðum þessum fylgir.

Það tjón, sem landsmönnum er búið af þessum veiðum í Faxaflóa, verður ekki með tölum talið. Þetta tjón tekur einnig til fleiri en þeirra, sem við flóann búa eða þar í nánd. Fiskurinn, sem fær frið og næði til að vaxa upp í Faxaflóa, dreifist, er hann stækkar, um öll fiskisvæði við strendur landsins. Hér er því mikið í húfi og áriðandi, að því verði ekki lengur á frest skotið að gera þær ráðstafanir, sem einar geta að gagni komið, en það er að banna með öllu þær veiðar, sem hér um ræðir.

Oft hefur verið um það rætt, að endurskoða þurfi lögin um dragnótaveiðar og fá álit fiskifræðinga um þá hættu, sem hér er talin eiga sér stað varðandi fiskistofnana. Það er hins vegar álit flutningsmanna þessa frumvarps, að of seint sé að ljúka þeirri endurskoðun eða fá álit fiskifræðinganna, þegar hver fiskur hefur verið drepinn á grunnmiðum í Faxaflóa.

Það er alkunna, að veiðar þær, sem hér um ræðir, voru á sínum tíma leyfðar í skjóli þess, að vísindamenn og fiskifræðingar hefðu vakandi auga með þeirri þróun, sem ætti sér stað. Nú hefur hins vegar komið í ljós og verið upplýst með tölum, sem ekki verður um villzt, hvert stefnir með ýsustofninn í Faxaflóa. Má í því sambandi benda á bréf og skýrslu Útvegsmannafélags Akraness, sem sent var til Fiskifélags Íslands 23. nóvember s. l. Er þar um nákvæmt yfirlit að ræða, sem nær yfir níu haustvertíðir landróðrabáta frá Akranesi. Skýrsla þessi, sem hér er prentuð sem fylgiskjal, talar skýru máli og upplýsir þann voða, sem við blasir, ef enn verður daufheyrzt við að gera þær ráðstafanir, sem með frumvarpi þessu er lagt til, að gerðar verði.

Fylgiskjal.

Akranesi, 23. nóvember 1970.

Fiskifélag Íslands, Reykjavík.

Skv. athugun, sem Útvegsmannafélag Akraness hefur látið gera á ýsuafla landróðrabáta á Akranesi á haustvertíðum frá 1960 til 1969, kemur greinilega í ljós iskyggileg þróun á ýsustofninum í Faxaflóa. Eftirfarandi skýrsla sýnir óumdeilanlega þessa þróun:

1960	159 080 kg	64 róðrar	= 2.5 tonn í róðri
1961	332 496	— 138	— = 2.4 — — —
1962	246 990	— 67	— = 3.7 — — —
1963	105 440	— 32	— = 3.3 — — —
1964	223 870	— 89	— = 2.5 — — —
1965	510 680	— 254	— = 2.0 — — —
1966	381 780	— 192	— = 2.0 — — —
1967	103 200	— 56	— = 1.8 — — —
1968	116 330	— 163	— = 0.7 — — —
1969	206 410	— 252	— = 0.8 — — —

Eins og kemur fram í skýrslu þessari, snýst dæmið við eftir 1962. Frá því ári minnkar ýsuaflinn stöðugt, þó að um þverbak keyri síðustu 2—3 árin, og virðist vera að nálgast þá eynd, sem var, áður en Faxaflóa var lokað um 1950.

Við teljum, að dragnótin og síðar trollið eigi sök á þessu og að þessi veiðarfæri eigi að hanna hér í Faxaflóa, enda er viðurkennt, að Faxaflói sé ein mesta uppeldisstöð ýsunnar.

Við viljum spyrja, hver stjórn þessu háttalagi. Er það Hafrannsóknastofnunin eða einhver annar aðili? Væri vissulega gott að fá ákveðin svör við því.

Að lokum viljum við geta þess, að svo til vonlaust er að gera út á línu héðan nú í haust vegna hreinnar ördeyðu, og kennum við áður nefndri þróun um það.

Virðingarfyllst,

Útvegsmannafélag Akraness.